

Reykjavík, 13. apríl 2016.

Efni: Áminning vegna endurmenntunar

Með bréfi endurskoðendaráðs, dags. 24. febrúar 2016, var yður tilkynnt að endurskoðendaráði hefðu borist upplýsingar frá Félagi löggiltra endurskoðenda, sem gæfu til kynna að þér hefðu ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar voru til 120 klukkustunda lágmarksfjölda endurmenntunar á því þriggja ára endurmenntunartímabili sem var frá 1. janúar 2013 – 31. desember 2015. Var yður gefinn kostur á að tjá yður um efni bréfsins og láta endurskoðendaráði í té nánari upplýsingar um endurmenntun yðar. Með bréfi yðar, dags. 31. mars 2016, upplýstuð þér ráðið um ástæður þess að þér hafið ekki uppfyllt tilskilinn lágmarksfjölda endurmenntunar á tímabilinu frá 1. janúar 2013 – 31. desember 2015.

Þar sem þér uppfylltuð ekki kröfur til endurmenntunar árið 2014 fór endurskoðendaráð fram á með bréf ráðsins til yðar, dags. 28. apríl 2015, að þér sæktuð þá endurmenntun sem í boði var á árinu 2015, en vakti jafnframt athygli yðar á því að endurmenntun skuli að lágmarki svara til samtals 120 klukkustunda á hverju þriggja ára tímabili. Fyrir liggur að þér sóttuð vel þá endurmenntun sem í boði var á árinu 2015 og vill endurskoðendaráð lýsa ánægju sinni með það.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga um endurskoðendur skal endurmenntun að lágmarki svara til 120 klukkustunda á hverju þriggja ára tímabili. Það er mat endurskoðendaráðs að ekki sé hægt að líta framhjá því að þér hafið ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til lágmarks endurmenntunar á endurmenntunartímabilinu 1. janúar 2013 – 31. desember 2015. Um er að ræða lögbundna skyldu sem allir löggiltir endurskoðendur verða að sæta í því skyni að viðhalda réttindum sínum. Þannig segir í 15. gr. reglugerðar nr. 30/2011 um endurskoðendur:

„Hafi endurskoðandi ekki lokið endurmenntun í samræmi við reglugerð þessa telst hann ekki hafa fullnægt skilyrðum til að viðhalda réttindum sínum sem endurskoðandi og fer með mál hans samkvæmt 17. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur.“

Er það því niðurstaða endurskoðendaráðs að veita skuli yður áminningu samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008 sökum þess að þér lukuð ekki lögbundinni lágmarks endurmenntun á endurmenntunartímabilinu 1. janúar 2013 – 31. desember 2015. Endurskoðendaráð vekur jafnframt athygli yðar á því að nýtt endurmenntunartímabil hófst 1. janúar 2016 og stendur það til 31. desember 2018.

